FRÉTTABLAÐIÐ

264. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 15. DESEMBER 2020



Starfsemi Vöku við Héðinsgötu í Reykjavík hefur breyst mikið síðustu mánuði og vikur en markmiðið er að minnka mengun frá starfseminni. Blátt bann hefur verið lagt við því að stafla bílum utandyra og eru bílar nú aðeins kramdir innandyra. Slökkvilið hefur gert úttekt á húsnæðinu og starfseminni og verður tekið á öllum frávikum. Sjá síðu 2 FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Árs bann fyrir forgjafarsvindl

GOLF Dómstóll Golfsambands Íslands staðfesti á dögunum eins árs bann yfir kylfingnum Sturlu Höskuldssyni fyrir að hafa svindlað við skráningu forgjafar í aðdraganda Íslandsmótsins í höggleik.

Forgjöf Sturlu hefur verið felld niður en málið var tekið upp eftir að ákvörðun aga- og forgjafarnefndar Golfklúbbs Akureyrar var kærð.

Sturla hafði leikið þrjá hringi undir lok júlímánaðar þar sem skráður ritari var ekki meðspilandi þann daginn.

Meðal þess sem vakti grunsemdir var besti hringur sumarsins þegar kylfingurinn lék á pari vallarins. Hann viðurkenndi að hafa hætt leik á þeim hring eftir tvær holur en sagðist hafa klárað hringinn síðar um daginn einsamall.

– kpt / sjá síðu 12

Stórtapa á Domino's

Tilboð í rekstur Domino's á Íslandi hafa borist frá innlendum og erlendum aðilum. Söluverð verður brot af upphæðinni sem núverandi eigendur greiddu.

VIÐSKIPTI Formlegt söluferli á Domino's á Íslandi hefur staðið yfir frá því í október. Sala fyrirtækisins er í umsjón Deloitte en frestur til að skila inn tilboðum í seinni fasa söluferlisins rennur út í næstu viku. Má reikna með að draga muni til tíðinda í janúar á næsta ári.

Eigandi íslenska rekstrarfélagsins er breska fyrirtækið Domino's Pizza Group sem keypti reksturinn í tvennu lagi árin 2016 og 2017 fyrir um 8,4 milljarða króna.

Rekstur fyrirtækisins hefur verið undir væntingum undanfarin ár en helstu ástæðurnar fyrir því eru aukin samkeppni sem hefur leitt til lægra vöruverðs sem og hækkandi launakostnaður.

» Líklegt er að endanlegt kaupverð verði á bilinu tveir til þrír milljarðar króna.

Þannig herma heimildir Fréttablaðsins að mikið tap verði á sölunni og líklegt sé að endanlegt kaupverð verði á bilinu 2 til 3 milljarðar króna. Tap núverandi eigandi er því um 5-6 milljarðar króna.

Talsverður áhugi er á fyrirtækinu og herma heimildir Fréttablaðsins að nokkur tilboð hafi þegar borist, bæði frá innlendum og erlendum aðilum. Þar á meðal er hópur sem Birgir Þór Bieltvedt er í forsvari fyrir en hann staðfesti á dögunum að tilboð hefði verið lagt fram.

Birgir kom að stofnun Domino's á Íslandi árið 1993. Eftir farsælan rekstur seldi hann fyrirtækið árið 2005 en þá var fyrirtækið verðmetið á um 1,1 milljarð króna. Árið 2011 keypti Birgir síðan reksturinn aftur af Landsbankanum fyrir rúmlega helming þeirrar upphæðar, eða 560 milljónir króna. Hann hagnaðist því verulega á sölunni á árunum 2016 og 2017 og undirbýr nú þriðja snúning á flatbökurisanum. – þþ

Skoppa og Skrítla eru ráðagóðar.

Snúa á veiruna

LÍFIÐ „Vegna fjölda áskorana ætluðum við að endurtaka leikinn núna í nóvember en vegna veirufárs varð ekkert úr því," segir leikkonan Hrefna Hallgrímsdóttir sem myndar tvíeykið Skoppu og Skrítlu ásamt Lindu Ásgeirsdóttur.

Þær tóku upp á því að færa leiksýninguna Brot af því besta af sviði Hörpu og yfir í bíó svo að hægt væri að eiga töfrandi jólastund með kátum krökkum. – þþ / sjá síðu 36



Ilmandi hátíðarpakki með lokkandi ljúfum stundum

Í BOÐI

ELDUM RÉTT

AFHENDING OG PÖNTUNARFRESTUR

FYRIR JÓL

Pöntunarfrestur **16.des.**

Afhending heimsent **23.des.**

ELDUMRETT.IS

Kringlan

Allt frá loðkápum til leikfanga

OPIÐ Í DAG

KL. 10–22

Frá blaðamannafundi Gests og Ragnars 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Yfirdeild MDE dæmir íslenskt mál eftir viku

DÓMSMÁL Yfirdeild Mannréttindadómstóls Evrópu kveður upp dóm í máli lögmannanna Gests Jónssonar og Ragnars H. Hall næsta þriðjudag. Gestur og Ragnar voru verjendur tveggja sakborninga í Al-Thani málinu. Þeir sögðu sig frá því í mótmælaskyni, þar sem þeir töldu sig ekki fá sanngjarnan tíma til að kynna sér gögn ákæruvaldsins.

Þegar dómur var kveðinn upp í máli sakborninganna í héraði, lagði dómari réttarfarssekt á þá; eina milljón króna á hvorn um sig, án þess að gera þeim viðvart um að til skoðunar væri að sekta þá eða veita þeim nokkurn andmælarétt.

» Í fyrri dómi Mannréttindadómstólsins, sem kveðinn var upp í október 2018, var talið að ekki hefði verið brotið gegn rétti þeirra.

Í kæru þeirra til Mannréttindadómstólsins byggja þeir á því að þeir hafi verið dæmdir til refsingar án þess að njóta réttlátrar málsmeðferðar í samræmi við 6. grein Mannréttindasáttmála Evrópu.

Vísuðu þeir meðal annars til þess að sektin hefði verið margfalt hærri en nokkru sinni hefði verið lögð á lögmenn, en ekki er kveðið á um neitt hámark slíkra sekta í lögum.

Í fyrri dómi Mannréttindadómstólsins, sem kveðinn var upp í október 2018, var talið að ekki hefði verið brotið gegn rétti þeirra. Var meðal annars vísað til dóms Hæstaréttar í málinu um að málsaðilar í sakamálum hafi heimild til að leiða vitni í Hæstarétti. Svo er þó alls ekki og í málflutningi sínum í Strassborg lögðu lögmennirnir áherslu á að aðili að sakamáli hefði aldrei í íslenskri réttarsögu fengið að leiða vitni við aðalmeðferð í Hæstarétti. **– aá**

Þriðji til byggða

Stúfur, stubburinn sá, hittir börn úr Ísaksskóla á Þjóðminjasafninu og sýnir þeim pönnu sem hann hefur krækt sér í þegar kostur var á. Eins og er alkunna er Stúfur þriðji jólasveinninn sem kemur til byggða og á það til að hleypa sjálfum sér í pönnur í eldhússkápum hjá grandlausum fjölskyldum. Honum þykja brenndir bitar á pönnunum lostæti sem eru því miður á undanhaldi með tilkomu teflon wok-panna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Grunaður um barnaníð

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á fertugsaldri sem var handtekinn í byrjun mánaðarins er grunaður að hafa beitt dóttur sína kynferðislegu ofbeldi. Myndefni sem sýnir barnaníð fannst á heimili mannsins og er talið að eitthvað af því sé íslenskt. Þetta kom fram í kvöldfréttum RÚV í gær.

Maðurinn er starfsmaður í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu en hann er ekki grunaður um að hafa brotið gegn börnum í skólanum sem hann starfaði hjá. Lögreglan handtók manninn þann 2. desember eftir að hafa fengið ábendingu um málið sama dag. Honum var sleppt að loknini skýrslutöku því ekki var talin ástæða til að fara fram á gæsluvarðhald. Ekki fengust upplýsingar um í hvaða grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu maðurinn starfaði. Fram kom í fréttinni að búið væri að upplýsa stjórnendur skólans um málið en foreldrar barna í skólanum hafa hins vegar ekki verið upplýstir. **– okp**

Mikil barátta við að breyta kúltúrnum

Reynir Þór Guðmundsson tók við sem framkvæmdastjóri Vöku fyrir fimm mánuðum og hefur unnið ötullega að því að laga reksturinn og umgengni við Héðinsgötu. Færst hefur í aukana að fólk komi með bíla til að fá skilagjaldið.

UMHVERFISMÁL „Ég skil íbúana mjög vel, ástandið var ekki gott en nú erum við að koma þessu öllu í lag," segir Reynir Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri Vöku. Hefur hann unnið hörðum höndum síðustu fimm mánuði að því að rétta af rekstur fyrirtækisins, vinna niður magnið sem hafði safnast upp. Talsverðrar óánægju hefur gætt meðal íbúa í nágrenninu.

Vaka var til húsa í Skútuvogi en missti lóðina með skömmum fyrirvara. Reynir var áður í stjórn Vöku en tók við sem framkvæmdastjóri í júlí síðastliðnum. „Byrjunin á þessu vandamáli var að Vaka missti niður starfsemina við flutningana. Við fórum í mikla rassíu í sumar. Ég hef engan áhuga á að hafa þetta allt í rusli, þú rekur ekki fyrirtæki á slíku og ég er ekki þekktur fyrir að hafa skítugt í kringum mig," segir Reynir. Nýlega voru 12 gámar fluttir í burtu.

Sjálfur ver hann langmestum tíma sínum á gólfinu. „Þetta er búið að vera mikil barátta við að breyta kúltúrnum hér innandyra."

Fyrirtækið er einnig með lóðir í Hafnarfirði og við Tungumela í Mosfellsbæ þar sem hægt verður að fara í uppbyggingu. „Ég segi það reglulega, það vilja allir hafa okkur en það vill enginn sjá okkur."

Allt niðurrif fer nú fram innandyra og bendir Reynir á að sérstakt efni sé borið á gólfið ef olía fellur til. Þá er byrjað að nota náttúrulegt sápuefni sem brýtur niður olíu sem runnið hefur út í jarðveginn. Búið er að fjarlægja alla vökva úr bílum áður en þeir eru kramdir. Bensín af þeim er notað á bifreiðar Vöku.

Vörubíll flytur á brott um tíu bíla í einu. „Við fluttum 2.200 tonn úr landi í ágúst, það voru bílar sem safnast höfðu upp."

Inni í húsinu bíða fjölmargir bílar eigenda sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

„Það hefur færst í aukana síðustu vikur að fólk er að koma með bílinn því það vantar bara peninginn.

Reynir Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri Vöku

Inni og á stæðinu fyrir utan eru nú að minnsta kosti 150 bílar sem eru tilbúnir á uppboð, en engin uppboð hafa farið fram. „Það hefur færst í aukana síðustu vikur að fólk er að koma með bílinn til úrvinnslu því það vantar bara peninginn," segir Reynir. Eigandi fær 20 þúsund króna skilagjald á bíl. „Ég hef tekið á móti grátandi fólki."

Reynir reiknar með að 6.000 til 8.000 bílar renni í gegnum Vöku í ár, hluti fer í úrvinnslu, aðrir eru leystir út eða fara á uppboð. Á bretti sem er á leiðinni inn er ónýtur bíll. „Þessi var sóttur að beiðni Reykjavíkurborgar, hann fannst á víðavangi," segir hann. „Það eru mörg dæmi um að fólk eða fyrirtæki skilji bílana sína eftir hér fyrir utan án þess að láta okkur vita. Það eru líka dæmi um að verktakar hafi fyllt sendiferðabíla af rusli, taki verksmiðjunúmerið af og skilji þá eftir fyrir sveitarfélögin til að hreinsa á sinn kostnað."

Þá bendir hann á bláa Toyotu. „Það kom í ljós að númerin á þessum passa ekki við verksmiðjunúmerið. Kom í ljós að það var búið að stela plötunum af öðrum bíl."

Hefur nú verið hafist handa við að mála gámana sem snúa að veginum og listamaður verður fenginn til að skreyta þá. **arib@frettabladid.is**

Herra lagerinn
outlet
líka fyrir konur

Troðfull verslun af merkjavöru!

30-50%

afsláttur af öllum vörum

Kvenvara frá

BOSS
HUGO BOSS

BOSS - KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242

Mathilda
Kringlunni 552 8600

COLLECTIONS
Geirsgata 4 - 5194490 - við Hafnartorg

BOSS HUGO BOSS
SAND COPENHAGEN
POLO RALPH LAUREN
Stenströms
EMPORIO ARMANI
eterna
gardeur
HUGO HUGO BOSS
CORNELIANI
LES DEUX copenhague
OSCAR JACOBSON
Bruun & Stengade
Benvenuto.
FINUCCI
bugatti
TINO COSMA
BARKER ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
LLOYD

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)
Sími 568 9512

Í Stykkishólmi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Færri ríkisstörf í Stykkishólmi

SVEITARSTJÓRNIR „Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar lýsir vonbrigðum sínum með þá fækkun sem orðið hefur á stöðugildum ríkisstarfa í Stykkishólmi á síðustu árum sem annað hvort hafa verið lögð niður, flutt annað með ákvörðun forstöðumanna eða stjórnenda stofnana eða fyrirtækja á vegum ríkisins eða með því að fjárveitingar hafi verið skornar niður," segir bæjarstjórn Stykkishólms.

Bæjarstjórnin segir að stöðugildum á vegum ríkisins hafi fækkað í Stykkishólmi um nær 20 prósent frá 2013.

„Forstöðumenn hafa oft verið tilneyddir til þess að segja upp starfsmönnum sem unnið hafa af trúmennsku við að sinna mikilvægum verkefnum," bókaði bæjarstjórnin og hvatti þingmenn til að beita sér fyrir aðgerðum. **– gar**

Tillaga Grétu V. Guðmundsdóttur.

Múlaþing fær byggðamerki

SVEITARFÉLÖG Hönnuðurinn Gréta V. Guðmundsdóttir bar sigur úr býtum í samkeppni um byggðamerki fyrir hið nýja sveitarfélag Múlaþing. „Merkið er nútímalegt og klassískt í senn," segir dómnefndin.

Um sjötíu tillögur bárust. Múlaþing er sameinað sveitarfélag Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðar, Djúpavogs og Borgarfjarðar eystri. Nú tekur við að Gréta fullvinni nýja merkið til notkunar fyrir Múlaþing.

„Tákn byggðamerkisins skal hafa tilvísun í áberandi einkenni í náttúru sveitarfélagsins, sögu þess eða ímynd," sagði um skilmála samkeppninnar. Verðlaun sigurvegarans eru 500 þúsund krónur. **– gar**

Sama vatnið kostar meira í Reykjavík en Mosfellsbæ

ORKUMÁL Gjaldskrá Hitaveitu Mosfellsbæjar á heitu vatni er í mörgum tilfellum mun lægri en hjá Veitum. Þetta kemur fram í svari Veitna við fyrirspurn Eyþórs Arnalds, stjórnarmanns í Orkuveitu Reykjavíkur.

„Þetta er sláandi munur. Þetta er nákvæmlega sama vatnið í Mosfellsbæ og í Reykjavík," segir Eyþór.

Sem dæmi er almennur taxti 24 prósentum lægri hjá Hitaveitu Mosfellsbæjar, munar um 32 krónum á rúmmetra. Fast gjald á dag er eilítið hærra en hjá Veitum, munar um tíu krónum á dag á meðalstórum mæli. Þá er verð Hitaveitu Mosfellsbæjar 43 prósentum lægra til gróðurhúsa og tæplega 15 prósentum lægra til sundlauga.

Hitaveita Mosfellsbæjar gerði samning við Orkuveitu Reykjavíkur, áður Hitaveitu Reykjavíkur, um að kaupa heitt vatn á heildsöluverði, sem er 40 prósent af smásöluverði vatns samkvæmt gjaldskrá Veitna á hverjum tíma. Hitaveita Mosfellsbæjar ákveður svo alfarið smásöluverð til sinna viðskiptavina. Samningnum er ekki hægt að segja upp nema með samþykki beggja aðila.

Eyþór Arnalds, stjórnarmaður Orkuveitu Reykjavíkur

Segir í svarinu að verðlagning hjá Veitum byggi á ákvörðunum stjórnar og forsendum eigenda um arðsemi. Samkvæmt Eyþóri leiðir samanburður í ljós að gjaldskrá Veitna til almennrar notkunar sé 32 prósentum hærri en í Mosfellsbæ. „Stóra hitaveitufyrirtækið ætti að vera með langhagstæðasta verðið. Ég tel að það sé allt of lítill áhugi hjá Orkuveitunni á að lækka verð til notenda, forgangsmálið er frekar að greiða arð til Reykjavíkurborgar." **– ab**

Mikil óvissa og tímaþröng

Fyrir helgi tilkynnti heilbrigðisráðherra aukningu upp á 1,7 milljarða til hjúkrunarheimila. Aðeins lítill hluti fer í aukin daggjöld en mest í að fjölga rýmum í Reykjavík um 90. Alger óvissa ríkir nú á Akureyri.

HEILBRIGÐISMÁL Fyrir helgi kynnti Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra að rúmum 1,7 milljörðum króna yrði bætt við í málefni hjúkrunarrýma á næsta ári. Stærstur hluti þess fjármagns, eða 1.350 milljónir, eiga hins vegar að fara í fjölgun rýma á höfuðborgarsvæðinu um 90. Eins og Fréttablaðið greindi frá í október hefur fjölgun hjúkrunarrýma verið afar lítil frá bankahruni og biðlistar lengst mikið, sérstaklega á Norðurlandi.

Eftir stendur þá 365 milljóna króna aukning til hjúkrunarheimilanna á landinu, það er daggjöld til rekstraraðila. „Þau eru klárlega að reyna að bæta í rekstrargrunninn, eitthvað sem við höfum kallað eftir í mörg ár. En ég held að allir sem hafa verið viðloðandi þennan málaflokk sjái að 365 milljónir eru ekki nóg," segir Valgerður Freyja Ágústsdóttir, sérfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Upphæðirnar sem sveitarfélögin greiði með rekstrinum á hverju ári séu mun hærri.

Nú stendur yfir greiningarvinna innan heilbrigðisráðuneytisins, leidd af Gylfa Magnússyni, um fjárþörf hjúkrunarheimilanna og framtíðarskipulag málaflokksins. Samband sveitarfélaga og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu eiga aðild að þeim starfshóp. Gagnaöflun er nýlega lokið og vonast er til að starfshópurinn geti skilað tillögum til ráðherra fyrir jól.

Fjögur sveitarfélög hafa sagt upp samningum við Sjúkratryggingar Íslands um rekstur á hjúkrunarheimilum, það er Akureyri, Vestmannaeyjar, Fjarðabyggð og Hornafjörður. Sem millileik hafa Sjúkratryggingar boðið þeim að gera þriggja mánaða samning þar til niðurstaða fæst frá ráðuneytinu.

Sveitarfélögin tóku misvel í tilboð Sjúkratryggginga um frestun uppsagnar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Við höfum ekki heyrt neitt, ekki púst.**
>
> Ingi Þór Ágústsson, forstöðumaður hjá ÖA

Hornfirðingar hafa ákveðið að hafna tilboðinu vegna heimilisins Skjólgarðs. „Bæjarstjórn ræddi málið á fimmtudag og þar var uppsögn samningsins staðfest," segir Matthildur Ásmundsdóttir bæjarstjóri Hornafjarðar. Fresturinn vegna Skjólgarðs rennur út 1. febrúar og hefur bæjarstjórn ekki fengið nein viðbrögð frá Sjúkratryggingum.

Eyjamenn hafa hins vegar ákveðið að taka tilboðinu, en rekstri þeirra á heimilinu Hraunbúðum átti að ljúka um áramót. „Þær aðgerðir sem kynntar hafa verið af ríkinu duga ekki til og því er aðeins gerður tímabundinn samningur til þriggja mánaða," segir Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum.

Á Akureyri átti allt að vera frágengið. Bæjarstjórn sagði upp samningum í sumar og í ágúst var tilkynnt að Heilbrigðisstofnun Norðurlands tæki tímabundið yfir rekstrinn um áramót. Ingi Þór Ágústsson, forstöðumaður Austurhlíða hjá Öldrunarheimilum Akureyrar (ÖA), hefur hins vegar ekki enn heyrt neitt um hvernig þetta muni fara fram.

„Við höfum ekki heyrt neitt, ekki púst," segir Ingi en nú er aðeins hálfur mánuður til stefnu.

Um er að ræða tvenns konar starfsemi, rekstur hjúkrunarheimilis sem ríkið ber ábyrgð á og síðan dagþjálfun, heimsendan mat og fleira sem Akureyrarbær hefur séð um en enginn nýr samningur verið gerður um. „Starfsfólkið mun halda áfram að vinna en það stendur hvergi í fjárlögum hver á að borga okkur laun. Við viljum fá svör um hvernig þessari þjónustu á að vera háttað og einhverja framtíðarsýn," segir Ingi.

kristinnhaukur@frettabladid.is

JÓLAGJÖF HEIMILISINS

Peggy. Verð frá
319.700 kr.

NÝ SENDING FRÁ HET ANKER VAR AÐ LENDA.

KOMDU Í VERSLUN OKKAR SÍÐUMÚLA 30 OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | 533 3500 | VOGUE.IS

Milljarða framkvæmdir í hafnarkortunum við Þorlákshöfn

ÖLFUS Stefnt er að því að fara í framkvæmdir við höfnina í Þorlákshöfn fyrir 2,3 milljarða á næstu árum, segir í Fjárhags og framkvæmdaáætlun Ölfuss til 2024 sem samþykkt var í síðustu viku. Hluti Þorlákshafnar er um 862 milljónir. Áætlun næsta árs gerir ráð fyrir að fjárfest verði fyrir 672 milljónir og hluti sveitarfélagsins sé um 241 milljón. Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Ölfusi, segir að mikil tækifæri séu tengd höfninni og að eftir breytinguna verði hægt að taka á móti stærri skipum en þeim Mykinesi og Akranesi sem sigla í dag með vörur til hafnarinnar.

„Í dag erum við að taka á móti um 130 metra skipum en með þessum breytingum, sem eru þó með fyrirvara um fjárframlög ríkisins, getum við tekið á móti 180 metra löngum og 34 metra breiðum. Það eru orðin skip sem er sambærileg við Norrænu," segir hann.

Viðræður eru í gangi um að fá tvö til þrjú skipafélög til að hefja siglingar í Þorlákshöfn. Þá með farþega, frakt og bíla – líkt og þekkist með Norrænu sem leggst að á Seyðisfirði.

> Það er falleg sinfónía þegar rekstrarleg, umhverfis- og fjárhagsleg sjónarmið fara saman.
>
> Elliði Vignisson

Hann segir að það hafi legið fyrir lengi að þegar hafskip gætu tekið stefnuna á Þorlákshöfn myndu skip sigla þangað enda sparar það bæði tíma og peninga að þurfa ekki að fara fyrir Reykjanesið.

„Smyril Line hefur sýnt með úrvalsþjónustu að það er hægt að stytta siglingaleiðina um nærri sólarhring. Það sparar bæði tíma, og peninga og ekki síður er minna kolefnisspor.

Það er falleg sinfónía þegar rekstrarleg, umhverfis- og fjárhagsleg sjónarmið fara saman," segir Elliði sem ætlar að skipuleggja iðnaðarlóðir í kjölfarið svo að þær verði einnig tilbúnar þegar skipin fara að leggjast að bryggju. Hann segist ekki efast um það að töluverða vinnu verði að fá í Þorlákshöfn verði þetta að veruleika. **– bb**

Húnaþing vestra segir frumvarp um Hálendisþjóðgarð ekki standast kröfur stjórnarsáttmála. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þjóðgarði mótmælt en sumir sjá ótal tækifæri

Húnaþing vestra segir frumvarp um hálendisþjóðgarð ekki taka tillit til stjórnarskrárvarins réttar sveitarfélaga til sjálfstjórnar. Minnihlutinn í Húnaþingi segir hins vegar þjóðgarðinn geta skapað ótal tækifæri í ferðaþjónustu.

STJÓRNMÁL „Hálendisþjóðgarðurinn yrði sá stærsti í Evrópu og gæti hann skapað ótal tækifæri í ferðaþjónustu," segja Þórey Edda Elísdóttir og Magnús Vignir Eðvaldsson sem ekki eru sammála meirihluta sveitarstjórnar Húnaþings vestra sem lýsir sig alfarið andvígan hálendisþjóðgarði.

Frumvarp Guðmundar Inga Guðbrandssonar umhverfisráðherra um stofnun víðfeðms þjóðgarðs á miðhálendinu mætir harðri andstöðu umliggjandi sveitarfélaga. Frumvarpið var lagt fram fyrir viku og er nú til meðferðar hjá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Í nýrri bókun sveitarstjórnar Húnaþings eru áréttaðar fyrri kröfur um að land innan marka sveitarfélagsins verði ekki hluti fyrirhugaðs þjóðgarðs.

„Sveitarstjórn telur að framkomið frumvarp um Hálendisþjóðgarð taki ekki tillit til stjórnarskrárvarinna réttinda sveitarfélaga varðandi sjálfstjórn og leggst alfarið gegn framkomnu frumvarpi um stofnun þjóðgarðs á hálendinu. Sveitarstjórn skorar á önnur sveitarfélög í landinu að gera slíkt hið sama og sýna þannig samstöðu í að standa vörð um sveitastjórnarstigið og lýðræðislegan rétt íbúa til að hafa áhrif á ákvörðunartöku er varðar nærumhverfi þeirra," segir í bókun fimm af sjö sveitarstjórnarfulltrúum.

Þau Þórey Edda Elísdóttir og Magnús Vignir Eðvaldsson, fulltrúar Nýs afls, greiddu atkvæði gegn bókun meirihlutans. „Með stofnun Hálendisþjóðgarðs yrði þeim meðal annars tryggð vernd, vistkerfi þeirra yrðu endurheimt og saga svæðisins varðveitt," bókuðu Þórey Edda og Magnús sem, eins og fyrr segir, telja Hálendisþjóðgarðinn geta skapað „ótal tækifæri" í ferðaþjónustu.

> Sveitarstjórn telur að sú sátt um stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu sem tilgreind er í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar sé því bersýnilega ekki til staðar.
>
> Sveitarstjórn Húnaþings vestra

„Ferðaþjónustu sem með tækjum stýringar yrði búið svo um hnútana að allir gætu notið á sjálfbæran hátt. Að auki mun þjóðgarðurinn skapa störf á landsbyggðinni. Fulltrúar sveitarfélaganna yrðu skipaðir í stjórn Hálendisþjóðgarðs, í stjórn rekstrarsvæða hans og ættu einnig fimm af níu fulltrúum í umdæmisráðum hans," segir í bókun þeirra. Fulltrúar sveitarfélaganna hefðu því aðkomu að ákvörðunum í öllu stjórnkerfi Hálendisþjóðgarðsins.

Þá benda Þórey Edda og Magnús á að í frumvarpinu um Hálendisþjóðgarð sé ákvæði um að hefðbundin landnýting, svo sem búfjárbeit, fuglaveiði, hreindýraveiði og veiði í ám og vötnum, verði áfram heimil fyrir rétthafa séu nytjarnar sjálfbærar.

„Vegna þessa teljum við að með stofnun Hálendisþjóðgarðs felist ýmis tækifæri fyrir Húnaþing vestra í formi beinna og afleiddra starfa, rannsókna, uppbyggingar á ferðamannastöðum og landverndar. Ætti sveitarstjórn Húnaþings vestra að fagna frumvarpinu og um leið sækjast eftir því að starfsstöð stofnunar um Hálendisþjóðgarð yrði staðsett í sveitarfélaginu," segja Þórey Edda og Magnús.

Þriðji fulltrúi Nýs afls, Magnús Magnússon, var með í bókun meirihluta Framsóknarflokks og annarra framfarasinna þar sem bent er á að í umsögnum fjölmargra sveitarfélaga sé lýst verulegum áhyggjum af inntaki frumvarpsins um Hálendisþjóðgarðinn.

„Ganga mörg þeirra jafnvel svo langt í bókunum sínum að leggjast alfarið gegn stofnun þjóðgarðs á hálendinu. Sveitarstjórn telur að sú sátt um stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu sem tilgreind er í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar sé því bersýnilega ekki til staðar," er undirstrikað í bókun sveitarstjórnar Húnaþings vestra.

gar@frettabladid.is

Eitt glæsilegasta sælkeraborð landsins er í Hagkaup Kringlunni

Yfir **80** tegundir af ostum

Við mælum með

Bocage Camembert Normandy frá Frakklandi
Primadonna frá Hollandi
Vacherousse d´argental frá Frakklandi
Gruyére frá Swiss
Gorganzola frá Ítalíu
Manchego frá Spáni
Raclette frá Swiss
Parmiagiano Reggiano DOP 36 mánaða frá Ítalíu

Við sneiðum fyrir þig

Parma hráskinka frá Ítalíu
Franchi Mortadella frá ítalíu
Franchi Porchetta
Pancetta frá Ítalíu
Serrano hráskinka 12 & 18 mánaða frá Spáni
Iberico hráskinka frá Spáni
Mangalica hráskinka frá Spáni
Roastbeef frá Íslandi

Nýjungar

Buffalo Camembert frá Ítalíu
Emmantaler 18 mánaða frá Swiss
Parmigiano Reggiano 60 mánaða frá Ítalíu
Le Delice frá Frakklandi
Amaretto gráðaostur frá Ítalíu
Fetaostur frá Grikklandi
Fleur Alpes frá Swiss
Crottin Paivre Madagascar frá Frakklandi

HAGKAUP

Sara Lindsay. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Bólusetning hefst vestra

BANDARÍKIN Sandra Lindsay, hjúkrunarfræðingur í New York-ríki, varð fyrst Bandaríkjamanna til að vera bólusett gegn kórónaveirunni.

„Ég vil hjálpa fólki að treysta á öryggi bóluefnisins," sagði Lindsay í streymisútsendingu frá bólusetningunni. „Við erum í heimsfaraldri og þurfum öll að leggja okkar af mörkum."

Í þessari fyrstu atrennu bólusetningarinnar í Bandaríkjunum fá um 150 sjúkrahús afhentar milljónir skammta frá lyfjaframleiðendunum Pfizer og BioNTech.

Stefnt er á að bólusetja um 100 milljónir Bandaríkjamanna fyrir marslok og aldraðir og heilbrigðisstarfsfólk eru í forgangi.

Faraldurinn hefur verið í mikilli uppsveiflu í Bandaríkjunum frá því í nóvember og hafa um 300 þúsund nú látist vegna kórónaveirunnar þarlendis, mun fleiri en í nokkru öðru landi. **– atv**

Bretar liðka fyrir hinsegin blóðgjöfum

BRETLAND Bretar hafa rýmkað reglur um blóðgjafir karla sem stunda kynlíf með öðrum körlum. Karlkyns blóðgjafar sem hafa einungis átt einn maka í meira en þrjá mánuði mega nú gefa blóð, óháð kyni maka þeirra.

Niðurstöðurnar voru kynntar í gær í skýrslu nefndar sem samanstendur af fulltrúum blóðgjafarstarfsfólks og meðlima úr hinsegin hópum. Þar kemur fram að í staðinn verði áhersla lögð á að bera kennsl á áhættuhegðun sem gildir um alla gjafa, óháð kynhneigð.

Til þessa hafa karlmenn í Bretlandi ekki mátt gefa blóð hafi þeir stundað munnmök eða endaþarmsmök með öðrum karlmanni allt að þremur mánuðum fyrr. Þá var ekki tekið tillit til langtímasambanda. **– atv**

Trump mun áfram reyna allt til að grafa undan lýðræðinu

Kosning kjörmanna er enn einn áfanginn í kjöri Joes Biden sem Bandaríkjaforseta. Donald Trump hefur þó ekki enn viðurkennt ósigur. Silja Bára Ómarsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, segir líklegt að Trump haldi áfram að véfengja kosningaúrslitin þó dómstólar hafi hafnað öllu frá herbúðum forsetans.

BANDARÍKIN 538 kjörmenn í 50 ríkjum Bandaríkjanna og Washingtonborg kusu forseta og varaforseta í gær. Enn eru nokkur skref eftir þangað til Joe Biden og Kamala Harris verða svarin í embætti þann 20. janúar. Ríkisstjórnir ríkjanna eiga eftir að staðfesta atkvæði kjörmanna og nýtt Bandaríkjaþing telur síðan atkvæðin þann 6. janúar.

Silja Bára Ómarsdóttir, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, segir að kosning kjörmanna ætti að binda enda á málið. Rætt hafi þó verið um að núverandi varaforseti, Mike Pence, sem hefur yfirumsjón með talningu þingsins gæti reynt að tefja málið.

„Mig grunar að þessar tilraunir til þess að grafa undan trúverðugleika kosningakerfisins og fá fólk til að efast um lýðræðið haldi áfram," segir Silja. En dómstólar hafa hafnað eða vísað frá nærri öllum málsóknum Trumps og stuðningsfólks hans til að ógilda kosningar eða hluta atkvæðaseðla. Nú síðast hæstiréttur Bandaríkjanna í tveimur málum sem Trump sagðist binda miklar vonir við.

Silja segir ómögulegt að fá innsýn inn í hugarheim Trumps, það er hvort hann raunverulega telji að hægt sé að snúa niðurstöðunni við. „Mér finnst ólíklegt að nokkur upplýst manneskja um stjórnarfar í Bandaríkjunum telji að hægt sé að snúa við þessari niðurstöðu. En eitthvað telur hann sig vera að fá út úr þessu. Hugsanlega hefur þetta eitthvað með hans eigin pólitísku framtíð að gera eða framtíð barnanna hans, frekar en að hann sjálfur verði forseti næstu fjögur árin," segir hún.

Komið hefur fyrir að kjörmenn svíki lit en yfirleitt ekki nema örfáir, ef nokkrir, í hverjum kosningum. Árið 2016 kusu sjö kjörmenn aðra frambjóðendur, til dæmis Colin Powell, Ron Paul og Bernie Sanders, en þremur var snúið við af fylkisstjórnum. Í ljósi þess hversu stór meirihlutinn er, 36 kjörmenn, ættu hugsanleg svik ekki að hafa áhrif á úrslitin. Flokkarnir velja flokksgæðinga til starfans.

Eftir að máli Texas og 17 annarra ríkja til að snúa niðurstöðum í fjórum barátturíkjum var vísað frá hæstarétti viðraði Allen West, formaður Repúblikanaflokksins í Texas, hugmyndir um „aðskilnað

Trump heldur baráttu sinni gegn kosningaúrslitunum áfram milli golfhringja. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> **Umræðan um aðskilnað einstakra ríkja hefur alltaf verið í gangi í Bandaríkjunum, mismikil og misalvarleg.**
>
> Silja Bára Ómarsdóttir prófessor

löghlýðinna ríkja". Tuttugu og tvö ríki og svæði, þar á meðal New York og Kalifornía, andmæltu málsókn Texas.

„Umræðan um aðskilnað einstakra ríkja hefur alltaf verið í gangi í Bandaríkjunum, mismikil og misalvarleg. Einnig umræða um að fjölga ríkjum," segir Silja. Frekar sé þó rætt um valdsvið einstakra ríkja heldur en aðskilnað, sem hafi

> **Komið hefur fyrir að kjörmenn svíki lit en yfirleitt ekki nema örfáir, ef nokkrir.**

ekki gerst síðan um miðja 19. öld í upphafi borgarastyrjaldar. Hvað þessa umræðu núna varðar bendir hún einnig á að þau ríki sem kjósa Demókrata séu efnaðri og borgi með sér inn í Bandaríkin. Yrði aðskilnaður í rautt og blátt, stæðu þau bláu mun betur að vígi.

Mikið hefur verið rætt um tök Trumps á Repúblikanaflokknum, til að mynda hversu margir þingmenn hafa annaðhvort stutt hann í málarekstrinum eða þagað þunnu hljóði. Hefur þetta verið tengt við aukakosningarnar í Georgíu þann 5. janúar, sem meirihlutinn í öldungadeildinni veltur á.

Silja segir ekki endilega hægt að segja að Trump sé að nota flokkinn, heldur allt eins að flokksforystan hafi nýtt sér Trump. Bendir hún á að Mitch McConnell, leiðtogi öldungadeildarinnar, hafi allt frá tíð Baracks Obama beitt sér fyrir að hafa hæstaréttinn sem íhaldssamastan.

Þetta samband Trumps og flokksforystunnar sé þó nú að kljúfa flokkinn. Til dæmis veigrar Trump sér ekki við að úthrópa ríkisstjóra flokksins í Georgíu og Arizona og hvetja fólk til að kjósa þá burt. „Það er ástæða fyrir því að fáir fara gegn Trump. Þeir óttast að vera teknir af lífi í fjölmiðlum," segir Silja.

„Ég vona að fjölmiðlar hætti að básúna allt sem hann setur fram," segir Silja aðspurð hvort minna muni heyrast frá Trump eftir 20. janúar. „Það er skiljanlegt núna þegar hann er forseti en eftir að hann fer frá skiptir hans skoðun og stefna minna máli."

kristinnhaukur@frettabladid.is

ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep

HÚSASMIÐJAN

JÓLIN FYRIR ÞIG

Sennilega allra bestu hlaupahjólakaupin fyrir þessi jól

Verð aðeins

34.900 kr

~~39.900 kr~~

Umhverfisvænt - 300W - 25 km hraði - Drægni 22-28 km

enox® enjoy life

Þýskt gæðamerki

Hlaupahjól ENOX ES200

Þrjár hraðastillingar - Ræsing með lykli - Auðvelt að hækka og lækka stýrið
Rafmagsgjöf í handfangi - Brjóta má stýrið saman með tveimur smellum
Framljós, afturljós og bremsuljós - Flauta - Hámarksþyngd notanda 100 kg
Lithium rafhlaða 36V/7,8Ah - LCD skjár fyrir hraða, rafhlöðustöðu
og gíra - Fjöðrun að framan og aftan. **3903102**

Fæst í Húsasmiðjunni um allt land og á husa.is

Vináttujól

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Sterkar vísbendingar eru um að jólin í ár gætu reynst einhverjum erfið. Nú hafa birst fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar „Líðan þjóðar á tímum COVID-19“ og benda þær til þess að faraldurinn hafi haft neikvæð áhrif á geðheilsu þeirra sem komist hafa í snertingu við vírusinn.

Jólakvíði og jólastress eru orð sem flestir hafa heyrt, hvort sem fólk hefur upplifað slíkt á eigin skinni eða í kringum sig. Síðustu dagana í desember snýst nefnilega allt um að gera vel við sig í mat og drykk, hitta ástvini og gleðja hvert annað með gjöfum. Þeir sem einhverra hluta vegna geta ekki tekið þátt í slíku finna oft fyrir vanmætti og vanlíðan.

Ástvinamissir, fjárhagsáhyggjur, einangrun og fleira getur orðið til þess að þessi árstími er allt annað en tilhlökkunarefni og leiða má líkur að því að í ár reyni enn meira á. Þeir sem eru í áhættuhópi og geta því lítið hitt ástvini yfir hátíðarnar, þeir sem orðið hafa fyrir verulegu tekjutapi vegna sóttvarnaaðgerða og þeir sem ekki geta ferðast til fjölskyldu sinnar vegna þeirra hlakka líklega ekki mikið til jólanna í ár.

Rannsókn Háskóla Íslands, Landspítala, Embættis landlæknis og sóttvarnalæknis á andlegri líðan fólks í heimsfaraldri kórónuveirunnar hefur staðið yfir frá því í vor og hafa um 22 þúsund manns tekið þátt hér á landi. Rannsóknin er hluti af alþjóðlegri rannsókn um áhrif faraldursins og aðgerða til að stemma stigu við honum.

Frumniðurstöður sýna fram á að þeir sem veikst hafa alvarlega af COVID-19, eiga ættingja sem hafa veikst eða hafa þurft að vera í sóttkví eru í 30 til 40 prósent meiri hættu á að finna fyrir einkennum þunglyndis og áfallastreitu.

Birgir Örn Steinarsson, fagteymisstjóri Píeta samtakanna, sagði í samtali við Stundina í síðustu viku að um þessar mundir fái samtökin oft á dag símtöl frá einstaklingum í bráðri sjálfsvígshættu, símtöl sem áður voru kannski einu sinni í mánuði.

Píeta samtökin sinna forvarnastarfi gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða en verkefnum samtakanna hefur fjölgað um 146 prósent frá því í maí. Eins eru tilvikin alvarlegri og algengt að bregðast þurfi hratt við. Birgir segir ýmsar ástæður liggja að baki eins og til dæmis fjárhagserfiðleika en félagsleg einangrun vegi þó þyngst. Fólk sem hefur misst öll félagsleg tengsl í faraldrinum upplifir gríðarlega vanlíðan og vonleysi.

Því ættu allir sem geta að velja vel fólkið inn í jólakúluna sína, passa vandlega upp á tengslin og gefa sem mest af því sem raunverulega skiptir máli – kærleik og gleði.

Það er jólagjöfin í ár.

Fólk sem hefur misst öll félagsleg tengsl í faraldrinum upplifir gríðarlega vanlíðan og vonleysi.

Halldór

Frá degi til dags

Löngu heitin

Það er áberandi árátta stjórnvalda að lengja nöfn. Líklegast er það gert til að forðast tengingu við Maó. Í gær ákvað ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, að flytja Efna-, gas- og textílgreiningar Nýsköpunar- og ráðgjafarmiðstöðvar Íslands, til Haf-, fjöru-, lækja- og vatnarannsóknastofnunar, rannsókna- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna. Gera þurfti kaffihlé þegar þetta var lesið upphátt í hádegisfréttunum. Lengingarárátttan nær til alls konar hluta. Skemmst er að minnast ákvörðunar Jóla-, 17. júní- og páskastofu um jólasveininn sem kom í nótt, Þvöru-, sleifar- og aususleiki.

Tensjón

Það er margt sem reynir á þolrifin og ærir óstöðugan undanfarið. Í síðustu viku greip um sig mikið panikk þegar Messenger á Facebook lá niðri og kvittur um að um gagnaleka væri að ræða komst á kreik. Í gær tók panikkið sig upp á ný þegar sjálfur Gúgúl fór á hliðina. Allt í einu vissi enginn neitt því ekkert var hægt að gúgla. Nagandi óvissan um gagnaleka tók sig upp, enda pósthólfin full af alls konar rugli. Það var ekki einu sinni hægt að horfa á jútjúp til að róa taugarnar. Ekki meira af svona, takk. Taugarnar eru þegar komnar að þolmörkum.

Frelsum fólk úr viðjum kerfisins

Egill Þór Jónsson
borgafulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Í dag leggja borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks til við aðra umræðu fjárhagsáætlunar borgarinnar að gera áætlun til þriggja ára sem geri leigjendum Félagsbústaða mögulegt að eignast húsnæðið sem þeir búa í og leigja af borginni. Útfærslan verði unnin í samvinnu við Félagsbústaði og Reykjavíkurborg.

Núverandi eignasafn Félagsbústaða hljóðar upp á rúmlega 2.700 íbúðir. Lágar tekjur eru skilyrði fyrir úthlutun íbúðar og því geta leigjendur ekki aflað sér viðbótartekna án þess að eiga á hættu að missa húsnæðið. Enn fremur eru eignarmörk mjög lág. Það þýðir að fólk getur ekki safnað sér fyrir útborgun í íbúð á sama tíma og það leigir félagslegt húsnæði.

Fátæktargildra kerfisins er því þannig byggð upp að einstaklingum sem nýta félagslega úrræði Reykjavíkurborgar er gert ókleift að bæta kjör sín til dæmis með framgangi í starfi. Samkvæmt tölfræði síðustu tíu ára hefur einungis 1% þeirra sem búa í íbúðum Félagsbústaða komist út úr kerfinu, á ári hverju, en slík tölfræði undirstrikar mikilvægi þess að breyta þurfi núverandi fyrirkomulagi kerfisins. Samkvæmt leigumarkaðskönnun Íbúðalánasjóðs frá 2018 vilja aðeins 8% þeirra sem eru á leigumarkaði búa í leiguhúsnæði, en um 80% þeirra sem eru í leiguhúsnæði vilja eignast eigin eign.

Verði tillaga Sjálfstæðisflokksins samþykkt er Reykjavíkurborg að taka fyrsta skrefið í átt að frelsun fólks úr viðjum kerfisins. Félagslega kerfið yrði því með gjörbreyttu sniði og byggt upp á þann veg að það grípi fólk í neyð en hjálpi því jafnharðan aftur út í lífið þegar færi gefst á því.

Núverandi kerfi – sem er raunar fátæktargildra enda kemur það í veg fyrir að fólk afli sér hærri tekna og eignist sitt eigið húsnæði – er byggt á pólitískri ákvörðun. Pólitískri ákvörðun um að leiða fólk í gildru. Við leggjum til breytingar á kerfinu með það fyrir augum að koma fólki á fætur enda yrði þetta tækifæri fyrir fólk til að standa á eigin fótum.

Verði tillaga Sjálfstæðisflokksins samþykkt er Reykjavíkurborg að taka fyrsta skrefið í átt að frelsun fólks úr viðjum kerfisins.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Viglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Kuldaboli enduruppvakinn?

Árni Gunnarson
fyrrverandi yfirverkfræðingur Hitaveitu Reykjavíkur

Opið bréf til stjórnenda Orkuveitu Reykjavíkur.

Þriðja árið í röð mega höfuðborgarbúar búa við að vera af stjórnendum OR varaðir við yfirvofandi vatnsskorti hjá Hitaveitunni vegna þess að spáð er frostdögum næstu daga. Í fjölmiðlum er slegið upp fyrirsögnum um að viðbragðsáætlun veitunnar hafi verið virkjuð, geta kerfisins komin að þolmörkum þess, sem er sögð vera um 18.000 [m3/h] í hámarks rennsli, samsvarandi um 1.015 [MW] í varmaafli (miðað við nýtingu vatnsins 80/30°C).

Takið eftir, nú er árið 2020. Síðast tæmdust miðlunargeymar Hitaveitunnar 4. janúar 1968, fyrir meira en hálfri öld! Upp frá því tókst að fullnægja þörfum veitunnar þar sem vel tókst til við boranir, þróun áreiðanlegra öxul-borholudæla, byggingu miðlunargeyma og svo framvegis, þrátt fyrir ævintýralegan vöxt Hitaveitunnar þegar öll hverfi borgarinnar voru tengd veitunni. Síðar tók við tenging nágranna byggðarlaganna Kópavogs, Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Álftaness og Kjalarness samhliða ört vaxandi höfuðborg.

Veturna 1988/89 og 1989/90 skall hurð oft nærri hælum, þar sem stöðugt dró úr afkastagetu borholudæla vegna lækkunar á vatnsborði jarðhitakerfanna þriggja á höfuðborgarsvæðinu svo og þeirrar afdrifaríku þróunar að taka þurfti 4 af 56 vinnsluborholum veitunnar varanlega úr rekstri til að varna frekari skemmdum á kerfunum, vegna sjávar- og grunnvatnsleka inn í þau, þar sem álagið á þau, lækkun vatnsborðs, hafði farið fram úr sjálfbærri nýtingu þeirra. Þessa tvo vetur tókst að afstýra vatnsskorti, tæmingu miðlunargeyma, með rekstri 90 [MW] olíukyndistöðvar svo dögum skipti. Þegar Nesjavallavirkjun var loks tekin í notkun á elleftu stundu í byrjun september 1990, snerist taflið við.

Eigendur Hitaveitunnar, íbúar höfuðborgarsvæðisins, eiga rétt á að vera upplýstir um hvers vegna hún hefur hafnað í þessari ótrúlega slæmu stöðu að geta ekki í kuldatíð fullnægt hitaþörf notenda.

Spurt er, hvernig getur það staðist að aflgeta Hitaveitunnar nægir nú ekki til að standa undir álagi þegar frost er úti samfellt í nokkra daga? Á sama tíma hefur veitan aðgang að margfalt meiri varmaorku á Nesjavöllum og Hellisheiði, óbeislaðri svo ekki sé minnst á þá sem þar er sóað vegna ágengrar raforkuvinnslu langt umfram þarfir Hitaveitunnar. Ljóst er að nýting jarðhitakerfanna á höfuðborgarsvæðinu hefur verið frá gangsetningu Nesjavallavirkjunar fyrir 30 árum í jafnvægi og sjálfbær. Reynslan hefur kennt veitunni áþreifanlega samanber ofangreint að ekki er í boði að auka álagið á þau.

Það sem gerir þessa stöðu veitunnar enn óskiljanlegri er að nýlega hefur dregið úr afkastagetu Hitaveitunnar meðal annars vegna (hámarks aflgeta sögð 1015 [MW]):

1. Önnur af öflugustu borholum Laugarnessvæðis hefur verið tekin úr umferð nú í vetur. Afkastageta hennar er um 17 [MW] eða 1,7% af heild. Hvers vegna? Opinbera skýring veitunnar er að það hafi myndast tappi í henni. Samkvæmt ársskýrslu veitunnar er í ársbyrjun 2020 ekkert lát sagt vera á afkastagetu hennar. Hverju skal trúa?
2. Eru fleiri borholur á höfuðborgarsvæðinu úr rekstri?
3. 90 MW olíukyndistöð Hitaveitunnar á Ártúnshöfða, um 9% af heild. Hvað varð um hana? Hún sem gagnaðist svo vel áður fyrr sem toppaflsgjafi.
4. Nokkrir af miðlunargeymum veitunnar á Öskjuhlíð hafa verið teknir undir aðra starfsemi. Nýting þeirra til dægurmiðlunar og sem toppaflsgjafa aflögð. Hvers vegna?
5. Flutningsgeta Nesjavallaæðar hefur skerst um 18% (70 MW), vegna mistaka í rekstri Nesjavallavirkjunar. Ótrúlega miklu magni af varmaorku frá virkjuninni er enn fargað í grunnvatnskerfi staðarins í stað þess að nýta hana fyrir Hitaveituna eins og virkjunin var í upphafi fyrst og fremst hönnuð fyrir og byggð til að gegna. Hvers vegna líðst það enn? „Öll sóun jarðvarmans stríðir á móti hagfræðilegum og siðferðilegum sjónarmiðum," ritaði Jóhannes Zoëga í æviminningum sínum 2006. Það eru orð að sönnu.

Eigendur Hitaveitunnar, íbúar höfuðborgarsvæðisins, eiga rétt á að vera upplýstir um hvers vegna hún hefur hafnað í þessari ótrúlega slæmu stöðu að geta ekki í kuldatíð fullnægt hitaþörf notenda. Þessi staða uppkomin, þrátt fyrir að gjaldskrá Hitaveitunnar er nú hærri borin saman við helstu hitaveitur landsins? Sú var tíðin að gjaldskrá Hitaveitunnar var lægst. Hvernig hyggst Orkuveita Reykjavíkur koma í veg fyrir hættu á vatnsskorti hjá Hitaveitunni til framtíðar (Plan 2)? Það er enginn skortur á möguleikum til að veruleikagera það.

BOSCH
Kæli- og frystiskápur, Serie 4
KGV 36VWEAS
Hvítur. Hæð: 186 sm. „LowFrost"-tækni. Orkuflokkur A++.
Jólaverð:
114.900 kr.
Fullt verð: 149.900 kr.

SIEMENS
Kæli- og frystiskápur, iQ 300
KG 36VVIEAS (stál)
Stál. Hæð: 186 sm. „lowFrost"-tækni. Orkuflokkur A++.
Jólaverð:
117.900 kr.
Fullt verð: 149.900 kr.

BOSCH
Þvottavél, Serie 6
WAT 2849MSN
Orkuflokkur A+++. Tekur mest 9 kg. Vindur upp í 1400 sn./mín. Kolalaus mótor með 10 ára ábyrgð.
Jólaverð:
104.900 kr.
Fullt verð: 134.900 kr.

SIEMENS
Uppþvottavélar, iQ 300
SN 43HS60CE (stál)
SN 43HW60CE (hvít)
14 manna. Sex kerfi, þar á meðal hraðkerfi 65° C (klukkustund). Fjögur sérkerfi, meðal annars tímastytting. Hnífaparaskúffa. Zeolith®-þurrkun. Hljóð: 44 dB.
Jólaverð (stál):
119.900 kr.
Fullt verð: 149.900 kr.
Jólaverð (hvít):
114.900 kr.
Fullt verð: 139.900 kr.

eldes
Pitbull öryggiskerfi
SÆELPITBULL PRO 3G
Inniheldur Pitbull Alarm Pro öryggiskerfi (3G stjórnstöð með innbyggðum hreyfiskynjara) og eina KeyBOB fjarstýringu. Vaktar eignina allan sólarhringinn. Fæst í rafbúnaðardeild.
Jólaverð:
42.900 kr.
Fullt verð: 50.900 kr.

Espresso Hangandi ljós
AN15851-15
Jólaverð:
4.500 kr.
Fullt verð: 5.900 kr.

Opið alla virka daga frá kl. 8.30 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 16 fram að jólum.
Einnig sunnudag 20. des. frá kl. 13 - 16.
Öll tilboð gilda út desember 2020 eða meðan birgðir endast.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Stefnir á aðalliðið fyrir næsta tímabil

Valgeir Valgeirsson hefur verið á mála hjá enska B-deildar knattspyrnuliðinu Brentford í tæpa þrjá mánuði. Valgeir leikur með varaliði félagsins en stefnir markvisst á að vera kominn í hóp aðalliðsins fyrir næsta tímabil eftir að hafa æft með því nú á dögunum.

FÓTBOLTI „Ég er mjög ánægður hérna og það er mjög vel haldið utan um varaliðið hér. Stefnan er sú að finna unga og efnilega leikmenn og skila þeim upp í aðalliðið. Af þeim sökum er vel haldið utan um okkur í varaliðinu og við erum með sterkt lið.

Æfingahópurinn er góður og við höfum verið að vinna U-23 ára lið Arsenal og Leicester City sem dæmi. Síðan ég kom hingað hafa þrír leikmenn úr varaliðinu fengið tækifæri í leik hjá aðalliðinu og einn þeirra var búinn að vera hérna í tvo mánuði þegar hann fékk sénsinn. Það er því augljóst að þeir sem standa sig með varaliðinu eru færðir upp," segir Valgeir Valgeirsson í samtali við Fréttablaðið.

Valgeir gekk til liðs við Brentford frá HK í haust en þessi 18 ára leikmaður segist hafa þurft rúman mánuð til að aðlagast þeim hraða og leikstíl sem enska liðið leikur.

„Ég hef aldrei þurft að hlaupa jafn mikið á æfingum og í leikjum. Liðið vill halda boltanum, stýra leikjum og spila hápressu allan leikinn.

Það er enginn afsláttur gefinn og þú færð að heyra það ef þú ert ekki að hreyfa þig án bolta í sóknarleiknum og ert ekki með í hápressunni í varnarleiknum," segir HK-ingurinn um fyrstu mánuðina hjá Brentford en hann leikur þar sem lánsmaður út yfirstandandi keppnistímabil.

„Þjálfarateymið hjá Brentford hugsar mig sem kantmann eða vængbakvörð í leikkerfinu 3-4-3. Mér finnst ég hafa bætt mig í því að koma mér í góðar stöður inni í vítateignum og klára færin.

Ég hef skorað fjögur mörk í þeim níu leikjum sem ég hef spilað fyrir liðið og komið mér í góða stöður í öllum leikjunum. Nú er bara að halda áfram að standa mig í æfingum og leikjum og bæta mig," segir hann um þróun mála í Brentford.

Íslendingurinn hefur byrjað vel með B-liði Brentford sem leikur einna helst æfingaleiki. MYND/TWITTER-SÍÐA BRENTFORD

Þvær af sér í baðinu á hótelinu

Brentford hefur haft þá stefnu síðan Matthew Benham keypti félagið árið 2012 að leggja áherslu á njósnarastarf sitt, öflun tölfræðigagna um þá leikmenn sem félagið kaupir og að leiðin sé greið hjá ungum leikmönnum varaliðsins upp í aðalliðið.

„Ég setti mér það markmið þegar ég kom hingað að ná að æfa með aðalliðinu áður en þessu ári lýkur og ég æfði með aðalliðinu um daginn þannig að það tókst.

